

# Fundur NOS

haldinn í Hveragerði þriðjudaginn 10.mars 2020 kl. 9:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Eydís Indriðadóttir, Árni Eiríksson, Kristófer Tómasson og Elliði Vignisson . Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

## 1. Launakjör sálfræðinga

Erindi barst frá tveimur sálfræðingum hjá embættinu. Þar er óskað eftir leiðréttingu á launakjörum. Stjórn NOS hafnar erindinu og felur Aldísi og Elliða ásamt framkvæmdarstjóra að leiðrétta mistök við launasetningu.

## 2. Ritari Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Lögð fram ósk frá forstöðumanni, um heimild til að ráða ritara í 50% starf fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Hún lagði fram greiningu á verkefnum og áætlun um kostnaði við starfið. Samþykkt að ráða ritara.

## 3. Málefni barnaverndar

Lögð fram ósk frá forstöðumanni um heimild til að ráða í 100% stöðu félagsráðgjafa til skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Lagt er upp með að meginstarfsstöð hans sé í Fljótsmörk 2 en hann geti einnig nýtt starfsstöðvar félagsþjónustu á hverju svæði. Lögð var fram greining á verkefnum og áætlun um kostnað við starfið. Samþykkt að ráða félagsráðgjafa.

## 4. Starfssemi Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Forstöðumaður fór yfir starfssemi þjónustunnar.

Nefndin sammála um nauðsyn þess að taka umræðu um framtíðarsýn og stefnumótun á starfseminni. Nauðsynlegt, í ljósi reynslunnar sem fengist hefur á þessum 5 árum sem hún hefur verið starfandi, að rýna verkefnið. Farið verður í þá vinnu á næstu mánuðum.

Covid-19: Farið yfir stöðuna í ljósi þess að neyðarstigi hefur verið lýst yfir á landinu vegna útbreiðslu Covid-19 veirunnar. Velferðarþjónustan gegnir miklu hlutverki í viðbragðsáætlunum og nauðsynlegt að verkferlar séu skýrir. Nauðsynlegt er að byggðasamlagið eigi viðbragðsáætlun og er Ragnheiður að vinna að því .

## 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05  
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari